



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA**

Frá forseta.

Ágætu formenn deilda.

Ég þakka ykkur fyrir góðan framkvæmdarstjórnarfund í Þjóðmenningarhúsinu þann 3. september síðastliðinn. Þið hafið greinilega unnið vel á ykkar fyrra starfsári og eruð nú á því síðara, fullar af hugmyndum, samanber alla gulu miðana sem límdir voru upp á töfluna, þegar hugmyndavinnan fór fram. Hugmyndirnar sem þar komu fram verða síðan færðar inn í framkvæmdaáætlunina sem ég vil frekar nefna starfsáætlun. Í hana getið, ágætu formenn, sótt hugmyndir, og haft sem viðmið næsta starfsár, og hver deild haft sem viðmið til næstu tveggja ára.

Sem nýr forseti hefur verið í mörg horn að líta. Til dæmi hefur það verið ærin reynsla að fá konur til starfa í nefndir, það er hreint ekki auðvelt. Stjórnin var full bjartsýni með endalaus nöfn á frábærum konum, ekkert mál. En að sjálfsgöðu erum við allar önnur kafnar og ekki sjálfgefið að endalaust sé hægt að hlaða á okkur störfum. Ég hef reynt að fá konur úr sem flestum deildum til starfa í deildunum, þannig að verkefnin dreifist á milli deilda. Það er líka talsverð gestaþraut að koma því saman.

Í bréfi mínu til ykkar langar mig að biðja ykkur að leggja áherslu og minna ykkar deildarkonur á erlend samskipti. Það er mikilvægt að vera þátttakandi í alþjóðaumhverfi DKG, þar er ýmislegt í boði og nærtækast að hver og ein fari inn á vefinn og skoði og fylgist með því sem er að gerast. Minnið ykkar konur á alþjóðapíngið sem haldið verður í New York í sumar. Við ættum að fjölmenna þangað frá Íslandi. Nú er um að gera að hefja undirbúning fararinnar og mun ég minna ykkur reglulega á þingið. Spennandi að vita, hvaða deild eigi flesta fulltrúa! Það opnar nýjar víddir að vera þátttakandi í alþjóðaumhverfinu, skapar ný vináttubönd og er afar gefandi.

Frá orðum til athafna eru einkunnarorðin okkar til næstu tveggja ára. Þau eru krefjandi og segja sitt. Ég hvet ykkur formenn að leggja áherslu á þau, og gera þau að ykkar, hvetjið ykkar deildarkonur til dáða á öllum sviðum.

Með kærri kveðju,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
Forseti landsambandsins